



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 16. janúar 2020

SFS2020010018

6.4

HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Rekstrarleyfi fyrir Waldorfsleikskólann Sólstafi***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. janúar 2020 var lagt fram nýtt rekstrarleyfi fyrir Waldorfsleikskólann Sólstafi ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. janúar 2020, varðandi rekstrarleyfi fyrir Waldorfsleikskólann Sólstafi ásamt rekstrarleyfi fyrir Waldorfsleikskólann Sólstafi og bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 4. desember 2019.

Skóla- og frístundaráð samþykkti nýtt rekstrarleyfi og vísaði til borgarráðs.  
Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Nýtt rekstrarleyfi, ódags.  
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 7. janúar 2020  
Bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 4. desember 2019



## **Rekstrarleyfi fyrir Waldorfleikskólann Sólstafi**

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Waldorfleikskólanum Sólstöfum kt. 430694-2199 leyfi til að reka Waldorfleikskólann Sólstafi, í húsnæði að Sóltúni 6, 105 Reykjavík.

Fyrir liggja teikningar af leikskólahúsnæðinu að Sóltúni 6 ásamt færanlegri stofu. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 93 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Vinnueftirlitinu um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010 með síðari breytingum, um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2017.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests.

Reykjavík, XX janúar 2020

---

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.





## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Ósk um leyfi fyrir flutningi Waldorfleikskólans Hafnar frá Marargötu í Sóltún 6, Reykjavík***

Með bréfi, dags. 4. desember 2019, óskaði Waldorfleikskólinn Sólstafir, kt. 430694-2199, eftir því að færa leikskólastarfsemi þá sem rekin hefur verið að Marargötu 6, Reykjavík að Sóltúni 6, Reykjavík.

***Rekstrarleyfi***

Waldorfleikskólinn Sólstafir hefur rekið leikskóla í húsnæði á tveimur stöðum. Annars vegar í nýju húsnæði við Sóltún 6, Reykjavík, þar sem leyfi hefur verið fyrir 35 börnum samtímis og hins vegar að Marargötu 6, Reykjavík, þar sem leyfi hefur verið fyrir 48 börnum samtímis. Rekstrarleyfin eru aðskilin.

Leikskólahluti Waldorfskólans mun taka í notkun húsnæði að Sóltúni 6 í Reykjavík, sem nýtt hefur verið fyrir grunnskólahluta skólans. Að auki er sótt um að vera með 15 börn í færanlegri leikstofu sem nýtt hefur verið fyrir grunnskólabörn. Leikrými barna verður 3m<sup>2</sup> á barn en það er lágmarksviðmið sem leikskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur til viðmiðunar um rými barna.

Heildarfjöldi barna sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir er 93 börn.

Starfsemi Waldorfleikskólans Hafnar að Marargötu var í leiguhúsnæði sem rekið var á undanþágu eldvarnareftirlits, heilbrigðiseftirlits og vinnueftirlits. Allar þessar undanþágur runnu út um áramótin 2019-2020.

Fulltrúar Waldorfskólans óskuðu eftir að flutningur barna frá Marargötu í Sóltúnið gæti farið fram fyrir áramótin 2019 - 2020 þar sem framangreind bráðarbrigðaleyfi voru að renna út.

Niðurstaða framkvæmdastjórnar skóla- og frístundasviðs var sú að þar sem húsnæðið að Marargötu var ekki talið öruggt fyrir leikskólastarfsemi og öll gögn vegna húsnæðisins að Sóltúni höfðu borist skrifstofunni, yrði flutningur heimilaður þá þegar þann 13. desember 2019 með fyrirvara um samþykki skóla- og frístundaráðs og síðar borgarráðs.

Með vísan til framangreinds og þess að skilyrði laga um leikskóla nr. 90/2008 og reglna Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla eru uppfyllt er lagt til að Waldorfskólanum Sólstöfum verði veitt umbeðið rekstrarleyfi vegna 93 barna að Sóltúni 6, Reykjavík.

#### *Þjónustusamningur*

Skóla- og frístundasvið hefur gert þjónustusamning við Waldorfskólann Sólstafi vegna reksturs leikskóla að Sóltúni 6, Reykjavík, dags. 29. nóvember 2018 og nær samningurinn til framlags vegna 35 reykvískra barna. Jafnframt hefur verið gerður þjónustusamningur, dags. 14. desember 2018, vegna reksturs Waldorfskólans Hafnar vegna 48 reykvískra barna.

Ekki er óskað eftir breytingu á þjónustusamningi og verður því áfram heimilt að greiða framlag vegna samtals 83 reykvískra barna eins og núverandi þjónustusamningar kveða á um.

Engu að síður mun sviðsstjóri gera viðauka við samning vegna leikskólans Hafnar þar sem kveðið er á um að samningurinn gildi vegna reksturs leikskóla að Sóltúni 6, Reykjavík.



Waldorfskólinn Sólstafir

Sóltúni 6 104 Reykjavík  
sími: 5771110

[solstafir@waldorf.is](mailto:solstafir@waldorf.is)

Reykjavík 4. desember 2019

Helgi Grímsson

Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

**Erindi: Ósk um leyfi fyrir stækkun Waldorfgrunnskólans Sólstafa í 2. áfanga nýbygginga skólans að Sóltúni 6 og jafnframt leyfi til endurskipulagningar á nýju húsnæði leikskólans, í Sóltúni 6 og skipulagsbreytinga á einni lausri kennslustofu sem skólinn hefur til afnota.**

Waldorfgrunn- og leikskólinn Sólstafir óskar eftir leyfi fyrir 2. áfanga skólabyggingar sinnar að Sóltúni 6 og eru í nýbyggingu grunnskólans átta nýjar kennslustofur.

Ennfremur er óskað leyfis til að taka í fulla notkun fyrir leikskólann þann helming leikskólahúss 1. áfanga bygginga skólans sem hefur verið nýttur sem kennslustofur fyrir yngra stig grunnskólans.

Ennfremur er óskað leyfis til að nota eina færánlega kennslustofu skólans sem auka húsnæði fyrir leikskólastig.

Í grunnskólanum eru nú tæplega 100 nemendur með pláss fyrir 150 þegar húsnæðið er fullnýtt og 35 börn í leikskólanum með pláss fyrir 78 leikskólabörn þegar þetta húsnæði er fullnýtt og 15 leikskólabörn í færánlegri kennslustofu.

Áætlað er að flytja starfsemi Waldorfleikskólans Sólstafir Höfn frá Marargötu 6 og sameina leikskóladeildirnar í Sóltúni 6.


Waldorfleikskólinn Höfn er með leyfi fyrir 48 börn í þjónustusamningi sínum við Reykjavíkurborg.

Waldorfleikskólinn Sólstafir er með leyfi fyrir 35 börn í þjónustusamningi sínum við Reykjavíkurborg.


Óskar Waldorfleikskólinn Sólstafir eftir að fá að nýta heildarleyfi fyrir leikskólabörnin öll að Sóltúni 6 frá og með flutningi.

Meðfylgjandi fylgiskjöl eru greinagerð um stjórnun og skipulag Waldorfgrunn- og leikskólans Sólstafa, uppdrættir og teikningar að nýbyggingum úr 1. og 2. áfanga og heildarhúsnæði á lóð skólans. Viðskiptaáætlun byggingaframkvæmda og vottorð um úttektir á húsnæði skólans.

Fyrir hönd Waldorfskólans Sólstafa



Snorri Traustason



Sigurbjörg A. Eiðsdóttir